

Skýrsla stjórnar

Kæru gestir

Þegar ég settist niður að undirbúa árþingið og skrifa skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár, þá skal ég bara alveg viðurkenna það að ég fylltist stolti. Mörg ykkar vitið að miklar og stundum erfiðar breytingar hafa átt sér stað á undanförunum árum en mér líður eins og við séum að uppskera og sjá lifna við þá framtíðarsýn sem við sáum fyrir okkur, fyrst aðeins sem orð á blaði en nú í starfi samtakanna sem ég er sannfærð um að sé nú þegar og verði áfram til heilla fyrir okkar landshluta.

Liðið starfár var sannarlega farsælt, samvinna kjörinna fulltrúa hefur verið öflug en fyrst og fremst hefur hreint framúrskarandi starfsfólk samtakanna unnið af ótrúlegum krafti og ástríðu að framgangi þeirra áherslna sem árþing og stjórn samtakanna hafa sett fram. Sóknaráætlun okkar er svo sannarlega lifandi skjal og aðgerðaráætlun vönduð og henni fylgt í hvívetna. Við endurskoðun Sóknaráætlunar voru settir fram mælanlegir mælikvarðar og fer nú fram stöðumat tvisvar sinnum á gildistímanum.

Verkefni Uppbyggingasjóðs hafa svo sannarlega hleypt súrefni inn í okkar landshluta og segja má að áhersluverkefni Sóknaráætlunar hafi mörg hver tekið á flug. Sem dæmi um áhersluverkefni má nefna Niceair, nýtt flugfélag sem er að hefja millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Veltek, velferðartækniklasi er komin vel af stað. Unnið er að samgöngustefnu og innviðagreiningu sem mun reynast okkur verðmætt verkfæri í samtali okkar við ríkisvaldið. Önnur dæmi um spennandi áherslur eru: á listnám á háskólastigi, Ásgarður – skóli í skýjunum, upptakturinn – tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna á Norðurlandi eystra, Svæðisbundið hlutverk Akureyrarsvæðisins og Eimur – þróunar og nýsköpunardeild á sviði sjálfbærni, grænnar orku og bættrar orkuauðlindar.

Það er gleðilegt fyrir okkur hjá SSNE og alveg sérstaklega eftirtektarvert að sjá okkar áherslur birtast til að mynda í tillögu til þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 frá innviðaráðherra. Þar má nefna sérstaklega miðstöð Norðurslóðamála, svæðisbundið hlutverk Akureyrarsvæðisins og áherslu á að skipan í stjórnir, ráð, nefndir og starfshópa á vegum ríkisins endurspegli búsetudreifingu í landinu. Ég hvet alla kjörna fulltrúa og þá sem mögulega gætu átt hagsmuna að gæta að rýna vel þá byggðaáætlun sem nú liggur fyrir þinginu og verður vonandi samþykkt. Landshlutasamtök sveitarfélaga gegna þar viðamiklu hlutverki, en þau eru (með einfaldri ctí find leið) nefnd 36 sinnum í umræddri byggðaáætlun. Sveitarfélögin gegna líka stóru hlutverki, en með sömu aðferð þá eru þau nefnd til sögunnar 55 sinnum. Ég hvet því okkur öll til að lesa það sem í áætluninni stendur, það skiptir máli.

En aftur að liðnu starfsári, þá var skipað í fagráð umhverfismála, en árþing samtakanna hafði lagt áherslu á að umhverfismálin myndu fá veigamikinn sess í starfi SSNE. Þá hefur árþing SSNE einnig lagt áherslu á að sækja í auknu mæli skoðanir og hagsmuni ungs fólks, sem og fólks af erlendum uppruna og er nú unnið að stofnun bæði ungmennaráðs og fjölmenningsráðs samtakanna.

Þá má nefna að gerðir voru samningar um rekstur áfangastaðastofu við Markaðsstofu Norðurlands, tekin ákvörðun um að SSNE verði með starfsstöð í Hraðinu á Húsavík, starfsstöð á Tröllaskaga var opnuð, hagkvæmnimat á líforkuveri var sett af stað, siðareglur SSNE endurskoðaðar og samþykktar og unnið að samstarfi sveitarfélaga um svæðisáætlun um meðhöndlun sorps. Haldnar voru ýmsar ráðstefnur og hraðlar auk þess sem unnið var að umsögnum um mál í samráðsgátt stjórnvalda sem og fjárlög.

Þá má nefna að í lok liðins árs var tilkynnt að verkefni sem SSNE tekur þátt í ásamt, Matís og írskum samstarfsaðilum yrði brúarverkefni Norðurslóðaáætlunar, en verkefnið byggir á því að þróa rafrænt samskiptatorg fyrir frumkvöðla og leiðbeinendur, eða mentora á svið rekstrar, nýsköpunar og atvinnuþróunar sem og á sviði samfélagsþjónustu og þróunar.

Það hefur heldur ekki verið nein lognmolla í starfi SSNE á fyrstu mánuðum þessa árs. Nýr verkefnastjóri umhverfismála hjá SSNE, Smári Jónas Lúðvíksson tók til starfa í upphafi árs. Haldið var glæsilegt málþing um listnám á háskólastigi á Akureyri, sem var eitt af áhersluverkefnum SSNE. Fyrsta fjárfestahátíð Norðanáttar var haldin á Siglufirði og tel ég að mér sé óhætt að segja að hún hafi vakið mikla athygli. Þá héldu SSNE í samvinnu við Samtök Iðnaðarins og Landsnet þing um innviði á Norðurlandi, en kannski má segja að uppbygging og viðhald innviða lýsi best gildandi byggðastefnu á hverjum tíma. Haldinn var orkufundur á Húsavík sem SSNE stóð að ásamt Samtökum atvinnurekenda á Norðausturlandi og Fjárfestingafélagi Þingeyinga. Haldinn var opinn súpufundur bæði á Dalvík og á Siglufirði með starfsfólki SSNE. SSNE í samstarfi við Rannís stóð fyrir rafrænum kynningarfundum um styrkjaumsóknir á mannamáli. Á sameiginlegum vettvangi hefur verið töluvert rætt um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs og stöðu sorpmála. Úthlutun styrkja úr Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar fór fram auk þess sem samfélagssáttmáli var undirritaður. Þá er SSNE þáttakandi í fyrirtækjakönnun landshlutanna, atvinnuþróunarfélaga og Byggðastofnunar. Hún er ætluð öllum, stórum og smáum rekstraraðilum/fyrirtækjum sem eru í framleiðslu eða bjóða þjónustu. Markmiðið er að kanna hver staða þeirra er til að geta stutt þau betur hvar sem þau eru á landinu.

Þar sem SSNE hefur gert samning við Markaðsstofu Norðurlands um hlutverk áfangastaðastofu er heldur ekki úr vegi að markaðsstofan á í góðu samstarfi við Niceair og hefur þar aðkoma sveitarfélaga að flugklasnum skipt töluverðu máli. Þá samdi Markaðsstofan við ríkið um 20 m.kr framlag til markaðssetningar Akureyrarflugvallar, en sambærilegur samningur hefur verið gerður á Austurlandi. Þá var Ratsjain haldin, sem er verkfæri ætlað stjórnendum í ferðaþjónustu og tengdum greinum sem vilja auka nýsköpunarhæfni sína, hraða mikilvægum breytingaferlum og öðlast aukna yfirsýn og getu til að þróa vörur og þjónustu.

Íslenski ferðaklasinn leiðir verkefnið í samstarfi við RATA og Samtök sveitarfélaga á Íslandi. Það er mikill kraftur og bjartsýni ríkjandi í ferðaþjónustunni á Norðurlandi um þessar mundir og verður fróðlegt að sjá hvernig framhaldið verður.

Það er mikill kraftur sem býr innan raða SSNE, sem hefur og mun skipta miklu máli í þessum landshluta. Það frábæra samstarf, samvinna og samhugur sem ríkir í okkar röðum og milli kjörinna fulltrúa og starfsfólks er ástæða þess að svo vel gengur. Nú eru sveitarstjórnarkosningar framundan og ljóst að þónokkur nýliðun verður á þessum vettvangi. Ég hvet okkur öll til þess að varðveita það sem hefur áunnist á okkar vettvangi, við erum einfaldlega svo miklu, miklu sterkari þegar við erum saman í liði.

Að lokum, ég gæti ekki verið stoltari eða ánægðari með þá frábæru starfsmenn sem vinna hjá SSNE, ég held að það sé ekki ofsögum sagt að þau skipta okkur öllu máli, því legg ég til að við stöndum upp og klöppum fyrir þeim – þau eiga það svo sannarlega skilið!

Annars þakka ég fyrir mig í bili og vonast til þess að við eigum saman gott þing hér í dag.

Hilda Jana Gísladóttir, formaður SSNE.